

GJALDSKRÁ

**fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu
og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.**

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til bæjarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,205% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,30% af fasteignamati annars húsnaðs og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir er nota vatn til annars en heimilisþarfa greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

Fyrstu 150.000 m ³	47 kr./m ³
-------------------------------	-----------------------

Þegar notkun einstakra lögaðila fer yfir 150.000 m³ á ári verða gerðir samsamningar um verð fyrir umframmagn.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	9.569 kr.
20-24 mm	13.480 kr.
25-31 mm	16.961 kr.
32-39 mm	20.262 kr.
40-49 mm	27.103 kr.
50-74 mm	81.442 kr.
75-99 mm	88.247 kr.
100 mm og stærri	95.065 kr.

6. gr.

Heimæðargjald.

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	364.334 kr.	7.794 kr./m
40 mm	473.097 kr.	8.882 kr./m
50 mm	638.044 kr.	9.971 kr./m

63 mm	895.434 kr.	12.324 kr./m
75 mm	1.252.510 kr.	17.213 kr./m
90 mm	1.515.117 kr.	27.182 kr./m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi. Ef farið er með heimtaug í gegnum frágengna lóð greiðir húseigandi frágang samkvæmt kostnaðarverði. Ef frost/klöpp er í jörðu er heimilt að innheimta 25% viðbótarálag.

7. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2020. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ nr. 1213/2018.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 5. desember 2019.

Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri.